

unnið var að því að rífa þá, og ekki var þess heldur gætt að setja stoðir við skálagaflana, eftir að þeir voru losaðir úr tengslum við grindina. Er af framanrituðu ljóst, að öryggisbúnaði af hálfu stefnda var svo ábótavant, að telja verður hana bera fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, og eigi þykir fært að taka til greina varakröfu stefndu, þar eð eigi hefur verið sýnt fram á það, að stefnandi hafi sýnt slíka óvarkárni á ferð sinni um herbúðasvæðið, að hann verði talinn hafa orðið meðvaldur að slysinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð :

Stefnda, Sölunefnd setuliðseigna, ber fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, Þórðar Þorsteinssonar, af framangreindu slysi.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Priðjudaginn 14. marz 1950.

Nr. 60/1948. **Gísli J. Johnsen og Höskuldur Baldvinsson**
(Jón Ólafsson hdl.)

gegn

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h.
þeijarsjóðs og gagnsók (Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Verksamningur skýrður og dæmt um kröfur, er af honum risu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. maí 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Í aðal-sök eru kröfur þeirra um fégreiðslu úr hendi gagnáfrýjanda sem hér segir: Aðalkrafa kr. 84250.94, fyrsta varakrafa kr. 74250.94, önnur varakrafa kr. 51195.86, þriðja varakrafa kr. 48276.61 og fjórða varakrafa kr. 19680.94. Svo krefjast þeir og 6% ársvaxta frá 28. okt. 1943 til greiðsludags af þeirri fjárhæð, sem þeim kynni að verða dæmd, og málskostnaðar úr

hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. maí 1948, áfrýjað málinu með stefnu 31. s. m. Í *aðalsök* krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjenda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða þeim kr. 1827.07. Þá hefur hann sérstaklega krafizt þess, að 4. varakröfu aðaláfrýjenda verði vísað frá Hæstarétti. Í *gagnsök* krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 57618.03, en til vara kr. 55790.96, með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu í héraði 22. febr. 1946 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í gagnsök og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með samningi aðaláfrýjenda við gagnáfrýjanda (þáverandi hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps), dags. 26. ágúst 1939, tókust aðaláfrýjendur á hendur „að byggja fyrir Ólafsfjarðarhrepp raforkuver við Garðsá ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og lágspennukerfi um kauptúnið“ samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í samningnum, teikningum og verklýsingu, dags. sama dag.

Skulu hér greind þau ákvæði samningsins, sem einkum skipta máli um kröfur málsaðilja.

1. gr. „Verksalar skulu hefja framkvæmd verksins svo fljótt sem unnt er og hraða því eftir föngum. Verksalar skulu og hraða pöntun á vélum og öðru efni og gera að öðru leyti það, sem í þeirra valdi stendur, til að fullgera stöðina, svo fljótt sem unnt er. Skal vinna við lágspennukerfið hefjast svo fljótt sem unnt er, og skal fullgerast á þessu hausti, ef tíð leyfir, og er hreppnum heimilt að taka það þá þegar til notkunar“.

2. gr. „Verkkaupendur skulu útvega nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi . . .“

3. gr. „Heimilisfastir verkamenn í Ólafsfirði skulu, eftir því sem unnt er, sitja fyrir allri almennri vinnu við rafveituna. Breytist kaupgjald verkamanna í Ólafsfirði, meðan á

verkinu stendur (frá því sem verið hefur undanfarið), skal sá hluti almennrar vinnu við rafveituna, sem óunninn er, þegar kaupbreytingin verður, hækka eða lækka í hlutfalli við kaupbreytinguna. . . .“

4. gr. „Heimilt er verksölum að breyta út frá ofannefndum teikningum og verklýsingum, ef hentugra er að dómi þeirra, enda séu breytingarnar þannig, að verkið sé að öllu leyti eins vandað og gert var ráð fyrir, en tilkynna skulu þeir verkkaupendum slíkar breytingar fyrir fram“.

5. gr. „Rafveitan skal vera vönduð að öllu leyti og úr viðurkenndu efni og eftir gildandi reglum um hinar einstöku vélar, efni og tæki“.

6. gr. „a) Ólafsfjarðarhreppi er heimilt að hafa á vinnustaðnum trúnaðarmann til að fylgjast með framkvæmd verksins, og er verksölum eða fyrirsvarsmanni þeirra á vinnustað skylt að láta slíkum trúnaðarmanni í té allar upplýsingar varðandi framkvæmd verksins, er hann kann að óska. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps tilkynnir verksölum, hver eða hverjir séu trúnaðarmenn verkkaupanda í þessu efni.

Framanefnt eftirlit af hálfu verkkaupanda breytir í engu ábyrgð verksala á framkvæmd verksins . . .

c) Áður en rafveitan er afhent Ólafsfjarðarhreppi til umráða, skal hún viðurkennd af trúnaðarmanni hreppsins, enda fari athugun fram, þegar er verksalar hafa tilkynnt, að rafveitan sé tilbúin til afhendingar“.

7. gr. „Verksalar bera ábyrgð á veitunni í eitt ár, eftir að hún er tekin til starfa, og bæti á sinn kostnað úr göllum, er fram kunna að koma og stafa af slæmu efni eða vinnu“.

8. gr. „Fyrir rafveituna uppkomna, samkvæmt því sem að framan greinir, greiði verkkaupendur verksölum kr. 215000.- 00 . . .“

16. gr. „Ef ófriður eða aðrar óviðráðanlegar ástæður valda miklum verðbreytingum á efni því, sem þarf til framkvæmdanna, eða ástæður stórbreytast að öðru leyti, eiga verksalar heimtingu á, að samningurinn verði endurskoðaður og hann felldur úr gildi, að því leyti sem honum er ekki þegar fullnægt og ekki næst samkomulag að nýju“.

17. gr. „Ef rafveitan verður ekki byggð árið 1940, getur

hvor aðilja um sig krafizt endurskoðunar á samningnum og ógildingar, nema samkomulag náist að nýju.“

Úr verklýsingu þykir rétt að greina eftirfarandi atriði:

1. „Þar, sem Garðsá rennur fram milli hólanna ofan við Garð, skal gera stíflu þvert yfir farveg árinna. Vesturendi og miðhluti stíflunnar er úr steinsteypu, en austurendinn er jarðstífla ...“

2. „Frá stíflunni liggur þrýstivatnspípan niður utan við ána, niður að stöðvarhúsinu, sem verður reist á eyrinni ofan við Ólafsfjarðarvatn ... Efstu 260 lengdarmetrar pípunnar eru 50 cm víðir að innanmáli, gerðir úr a. m. k. 1½” þykkum tréböndum. Næstu 260 lengdarmetrarnir eru einnig 50 cm víðir að innanmáli, gerðir úr a. m. k. 2” þykkum tréplönkum. Neðstu 135 metrar eru úr 40 cm víðri járn pípu, vafðri og asfalteraðri. *Efni:* Plankarnir í trépípuna skulu vera úr góðri, valinni, vel þurri furu ... Plankarnir í pípunna skulu vera hefлаðir eftir pípuhringnum bæði að innan og utan“

3. „Aflstöðvarhúsið. Húsið sé byggt samkvæmt teikningu ... Gólf sé steipt á þykkt grjótlag ... Innan á útveggi sé klætt með uppsláttartimbri og síðan húðað í vírnet ... Slitlag á gólfi sé 2 cm þykkt með blöndunarhlutfalli 1:2 sement-sandur ...“

4. „Túrbínan er francishjól með láréttum ás. Hraði þess er 1500 eða 1000 snúningar á mínútu. Það skal geta framleitt 200 hestöfl á hjólás við lægstu nettófallhæð ...“

5. *Háspennulínan.* Línan skal vera eirvír á gegndreyptum, einföldum tréstólpum af venjulegri gerð. Skal meðaltal tveggja samliggjandi stólpahafa eigi vera yfir 80 metrar. Gildleiki eirvíra er 25 mm². Hann er festur á „Delta“ einangrara, sem festir eru á járnkróka, sem skrúfaðir eru í stólp-ana ...“

6. *Spennistöð* ... Spennirinn er 150 KVA. 3000/230 volt ...“

Haustið 1939 var hafinn undirbúningur að verkinu. Var þá steipt undirstaða að stíflugarði, og innanbæjarrafveitukerfi lagt um Ólafsfjarðarkauptún. Kostnaður af þeim framkvæmdum varð kr. 27500.00. Eftir þetta lá verkið niðri fram til sumarsins 1941.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hafði kosið sérstaka þriggja manna rafveitunefnd. Hinn 4. júlí 1941 barst formanni nefndarinnar svofellt símskeyti frá aðaláfrýjendum:

„Með hliðsjón áðurgerðra undirbúningsframkvæmda og skírskotun nýlegra símtala við Johnsen teljum viðhorf þannig: Hægt að fullgera rafveituna þessu ári eða fyrri part næsta, ef ákvörðun þar að lútandi tekin tafarlaust. Erum reiðubúnir hefja framhaldssamninga og aðkallandi gera það tafarlaust vegna erfiðleika allra aðdrátta“.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps varð við framangreindum tilmælum um að hefja samningatilaunir að nýju. Hinn 10. júlí 1941 veitti hreppsnefndin rafveitunefndarmönnum þremur „fullt umboð til þess fyrir hreppsins hönd að gera samning við“ aðaláfrýjendur um, „að þeir taki að sér að byggja og selja Ólafsfjarðarhreppi raforkuver við Garðsá í Ólafsfirði, er framleitt geti allt að 250 hestöfl raforku, ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og fullnaðarlagningu lágsþennuveitu um kaupþúnið ...“

Samningaumleitarnir fóru fram á Akureyri dagana 14. og 15. júlí milli rafveitunefndarinnar og aðaláfrýjenda. Hinn 14. júlí sendi rafveitunefndin lögreglustjóra Ólafsfjarðar svohljóðandi símskeyti:

„Það tilkynnist yður hér með, að líkur eru til, að hægt sé að semja um fast verð fyrir það, sem eftir er að byggja af rafstöðinni við Garðsá, fyrir 288 þúsund, samningar á svipuðum grundvelli og áður. Óskum eftir umsögn hreppsnefndar, hvort hún mælir með, að verði samið fyrir það verð“.

Skeyti þessu svaraði oddviti Ólafsfjarðarhrepps hinn 15. júlí með símskeyti, þar sem m. a. segir:

„Tilfni gærskeyti yðar telur hreppsnefnd aðgengilegt 288 þúsund króna fastaverð fyrir það, sem eftir er að byggja af fyrirhugaðri 250 hestafla rafstöð við Garðsá, samanber öðru leyti samninga 1939 svipuðum grundvelli þeim samningum ... og verkið verði framkvæmt í haust og vetur ...“

Hinn sama dag komst samningur á með rafveitunefndinni og aðaláfrýjendum um framhald og breytingar verksamningsins frá 1939. Í samningi þessum segir m. a.:

„Samkvæmt 16. og 17. gr. verksamnings milli undirritaðra

aðilja, dags. 26. ágúst 1939, hefur með tilliti til hækkaðs verðs á efni og vinnu orðið eftirfarandi samkomulag, enda skuldbinda verksalar sig til að halda verkinu áfram og hefjast handa í því efni nú þegar og ljúka því, svo fljótt sem unnt verður.

Ólafsfjarðarhreppur hefur staðið verksölum full skil fyrir efni og vinnu, er lagt hefur verið í rafveituna fram að þessu.

8. gr. samningsins orðist svo: Fyrir verk það, sem ógert er (vinnu og efni) við rafveituna, greiði verkkaupendur verksölum kr. 288000.00 ...“

Eftir ný ákvæði um breytta greiðsluskilmála segir í samningnum:

„Að öðru leyti skal hinn upphaflegi samningur standa óbreyttur.

Aðiljar eru sammála um eftirfarandi breytingar á verklýsinguinni:

1. Verksölum skal heimilt að nota galvaníseraðan stálvír eða kopraðan stálvír í stað eirvírs í háspennulínuna.

2. Túrbínustærð skal vera minnst 230 hestöfl, enda þrýstivatnspípa, rafall og spennar gert í samræmi við þessa breytingu“.

Undir samning þenna rita aðaláfrýjendur og rafveitunefndarmennirnir þrír „f. h. hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps samkvæmt umboði dagsett 10. þ. m.“

Með nýjum samningi málsaðilja, dags. 26. ágúst 1941, varðandi greiðsluskilmála, sem hér skipta ekki máli, lýsa aðaláfrýjendur yfir því, að „þeir muni ekki krefjast aukagreiðslu vegna þess, að stærð túrbínu og rafals hefur nú verið ákveðin 250 hö. í stað 230 hö. eftir fyrra samningi“.

Eftir að viðbótarsamningurinn frá 15. júlí 1941 hafði verið gerður, hófst aftur vinna við virkjunina. Var unnið að framkvæmdum fram til 18. des. 1941, en þá stöðvaðist verkið að mestu, að því er virðist til vors 1942. Það virðist einkum hafa valdið stöðvuninni, að dráttur varð á öflun ýmissa hluta og efnis, er útvega varð frá útlöndum til stöðvarinnar. Sérstaklega gekk treglega að afla útflutningsleyfa í Englandi fyrir túrbínu og rafvél. Nokkurt efni kom þó til Ólafsfjarðar um veturinn. Sumarið 1942 voru þrýstivatnspípurar lagðar. Túr-

bínan kom hingað til lands í júlí 1942 og var þá þegar send til Ólafsfjarðar. Var hún sett niður og tengd við þrýstivatns-pípu í september. Stóð þá aðallega á því, að rafallinn fengist afgreiddur frá Englandi.

Hinn 8. nóvember 1942 sendi aðaláfrýjandi Gísli J. Johnsen formanni rafveitunefndar svohljóðandi símskeyti:

„Rafvélarnar komnar, talaðu við mig“.

Er því haldið fram í málinu af aðaláfrýjendum, að þenna sama dag hafi Gísli J. Johnsen átt samtál við formann rafveitunefndar og þá krafist endurskoðunar á samningum aðilja. Verður nánar vikið að þessu síðar.

Hinn 3. desember 1942 kom rafallinn til Ólafsfjarðar. Jafnframt komu þangað sérfróðir menn um rafvirkjun til að setja niður vélar og virki. Þá eða um sama leyti komu aðaláfrýjendur til Ólafsfjarðar.

Á fundi hreppsnefndarinnar 8. des. 1942 var rafveitumálið tekið til meðferðar. Var þá m. a. bókað:

„Rafveitunefnd (M. G.) skýrði frá gangi málsins (Garðs-árvirkjunarinnar) og gat þess, að Gísli Johnsen hefði í samtali fyrir nokkru tjáð sér, að hann vildi endurskoða samning þann, er gerður var við hann og Höskuld Baldvinsson um virkjun Garðsár. Kvaðst hann hafa svarað því á þá leið, að að svo komnu máli gæti ekki farið fram endurskoðun vegna þess, að hann teldi það ekki flýta fyrir málinu. En hann kvað hann og Höskuld komna nú til að fá samninginn endurskoðaðan. Einnig gat hann þess, að vélar stöðvarinnar væru til muna fullkomnari en gert hefði verið ráð fyrir“.

Næstu daga fóru fram samningaumleitanir milli aðilja um endurskoðun fyrri samninga og viðbótargreiðslur, en ekki báru þær árangur. Kveður þáverandi oddviti hreppsins aðaláfrýjendur hafa farið fram á greiðslu, að fjárhæð kr. 97000.-00, til viðbótar við verð það, kr. 288000.00, er um hefði verið samið 15. júlí 1941, en færzt undan að gera nægilega grein fyrir, í hverju þessi verðhækkun væri fólgin. Tjáði hreppsnefndin aðaláfrýjendum, að hún væri fús til að standa við gerða samninga, og kvaðst halda fast við samninginn frá 15. júlí 1941, enda væri ekki sannað, að um mikla verðbreytingu eða stórbreyttar ástæður væri að ræða frá því, að hann var

gerður. Aðaláfrýjendur tilkynntu þá oddvita hreppsins með bréfi 11. des., að þeir mundu ekki sjá sér annað fært en að stöðva framkvæmdir við rafveituna, þar til þeim væri tryggður viðunandi grundvöllur til samkomulags um nauðsynlegar viðbótargreiðslur. Ekki varð þó af stöðvun, en þann 18. desember afhenti aðaláfrýjandi Höskuldur Baldvinsson hreppsnefndinni skriflega yfirlýsingu, þar sem m. a. segir svo:

„1. Við Gísli J. Johnsen áskiljum okkur fullan og óskertan rétt samkvæmt samningi vorum, dags. 26/8 1939, og viðbótarsamningi, dags. 15/7 1941, eins og hann hefði verið, ef við hefðum sagt upp samningunum, t. d. 12. þ. m., er ekki náðist samkomulag um viðbótargreiðslur til okkar vegna stórauðsins kostnaðar við byggingu rafveitunnar, er á rót sína að rekja til breyttra aðstæðna innanlands og utan.

2. Með skírskotun til framanritaðs veitum við Gísli J. Johnsen hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps heimild til að reka rafveituna fyrst um sinn á mínu nafni, en áskiljum okkur rétt til að afturkalla þá heimild, ef ekki næst samkomulag um ofanefndar greiðslur.“

Hreppsnefndarmenn Ólafsfjarðarhrepps rituðu á yfirlýsingu þessa, að þeir væru „samþykkir framanrituðu“. Sama dag afhenti hreppsnefndin aðaláfrýjendum svofellda yfirlýsingu:

„Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps tjáir sig hér með samþykka því að endurskoða samninga þá, er gerðir voru milli hr. Gísla J. Johnsen og Höskulds Baldvinssonar annars vegar og Ólafsfjarðarhrepps hins vegar um virkjun Garðsár, dags. 1. (á að vera 26.) ágúst 1939 og endurskoðunarsamningi í júlí 1941, að svo miklu leyti, er samningarnir sjálfir gefa tilefni til“.

Rekstur stöðvarinnar hófst nú samkvæmt framansögðu þann 19. desember. Á þessum tíma hafði gagnáfrýjandi þegar greitt aðaláfrýjendum upp í andvirði verksins kr. 286319.-06. Hinn 20. desember galt hann þeim til viðbótar kr. 12000.-00, og höfðu aðaláfrýjendur þá fengið úr hendi gagnáfrýjanda kr. 10319.06 umfram fjárhæð þá, kr. 288000.00, er þeir

skyldu alls fá fyrir verkið samkvæmt samningnum frá 15. júlí 1941.

Þegar stöðin var tekin í notkun 19. desember, var aðaltafla með stilli og öðru tilheyrandi enn ókomin. Vegna þessa varð að hafa sérstakan vörð dag og nótt í rafstöðinni. Aðaltaflan og stillirinn komu hingað til lands seint í maí 1943 og voru sett niður í rafstöðinni 19. júní s. á.

Þá var og eftir, þegar stöðin tók til starfa, að ganga endanlega frá ýmsum verkum varðandi aflstöðvarhús, spennistöðvarhús, stíflu, þrýstivatnspípu og háspennulínu. Með samningum dags. 25. júní 1943 tókst Ágúst Jónsson, sem var einn rafveitunefndarmanna og verið hafði aðalverkstjóri aðaláfrýjenda við byggingu rafstöðvarinnar, á hendur að fullgera verk þessi, að nokkru leyti einn, en að öðru leyti í félagi við annan mann, Þorleif Bjarnason. Verktakar þessir taka þó fram í samningnum, að þeir taki ekki á sig neina ábyrgð á því, að ekki komi leki að þrýstivatnspípunni, eftir að þeir hafa gengið frá henni. Verktakarnir unnu verk þessi sumarið 1943, og munu aðaláfrýjendur telja sig þá hafa að fullu lokið verkinu og fullnægt samningsskyldum sínum við gagnáfrýjanda, enda sést ekki, að þeir hafi lagt fram vinnu eða efni til stöðvarinnar eftir þetta. Þess skal getið hér, að verktakinn Ágúst Jónsson fékk tvo menn nefnda af lögreglustjóra Ólafs-fjarðar 2. maí 1944 til að meta, hvort þeir Þorleifur Bjarnason hafi fullnægt skyldum sínum við aðaláfrýjendur samkvæmt samningunum frá 25. júní 1943. Varð niðurstaða þeirra sú, að verkinu væri fullnægt í samræmi við samningana, að því er varðaði aflstöðvarhúsið, spennistöðvarhúsið og stífluna. Þeir telja og, að eftir því sem bezt verði séð, fari „þrýstivatnspípan vel með sig“, en telja sig ekki að fullu hafa getað gengið úr skugga um, hvernig lekastaðir hafi verið þéttir, þar sem mokað hafi verið yfir pípunu. Þá kveða þeir, að ekki hafi verið framkvæmt verk það, er vinna átti varðandi háspennulínuna (þ. e. að treysta undirstöður tveggja stólpa í vatninu eða við það, en fyrir þann þátt verksins áttu verktakarnir Ágúst og Þorleifur að fá kr. 300.00).

Hinn 27. maí 1943 sendu aðaláfrýjendur oddvita Ólafs-fjarðarhrepps símskeyti og skora á hann að koma til Reykja-

víkur „til samninga um margkrafðar viðbótargreiðslur vegna rafstöðvarbyggingarinnar“. Þessu skeyti svaraði oddvitinn 28. maí með svohljóðandi símskeyti: „Útaf áskorun yðar í gærkvöldi skal tekið fram. Ekki kemur til mála hefja samninga um viðbótargreiðslu vegna rafstöðvarbyggingar annars staðar en heima í Ólafsfirði. Erum fúsir athuga kröfur yðar nú þegar, ef sendið þær rökstuddar“.

Aðaláfrýjandi Höskuldur Baldvinsson fór norður til Ólafsfjarðar síðari hluta júnímánaðar 1943 til þess að hefja að nýju samningaumleitanið við fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda um viðbótargreiðslur. Lagði Höskuldur fram skýrslu, þar sem rakin er í stórum dráttum hækkun á kostnaði verksins og orsakir hennar greindar. Taldi hann kostnað af virkjuninni eftir 15. júlí 1941 hafa numið alls um 397000 kr., eða um 109000 kr. fram yfir samningsverðið, kr. 288000.00. Hreppsnefndarfundur var haldinn 25. júní. Gat oddviti þess þar, að hann hefði ásamt nafngreindum lögfræðingi unnið að athugun reikninga um virkjun Garðsár. „Við þá athugun hefði komið í ljós, að ýmsir liðir reikninganna væru á þann veg að engan veginn væri hægt að sanna, að þeir væru réttmætir“. Eftir nokkrar umræður gerði hreppsnefndin eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Ólafsfjarðar varð sammála á fundi sínum 25. júní 1943 um að greiða þeim Höskuldi Baldvinssyni og Gísla Johnsen uppbótargreiðslu, að upphæð 30000 kr. — þrjátíu þúsund krónur — auk þeirra 288 þús. kr., er samningar við þá hljóða upp á, um virkjun Garðsár, og sé þessi upphæð lokagreiðsla frá hreppsins hálfu og bundin því skilyrði, að stöðin hafi áður verið tekin út og dæmd fullgild að efni og frágangi. Þó telur hreppsnefndin, að eigi hafi verið færðar sönnur á, að henni beri að borga svona mikið samkvæmt samningnum, en vill hins vegar til samkomulags greiða áður-nefnda upphæð“.

Til viðbótar ofanritaðri samþykkt gerði hreppsnefndin sama dag eftirfarandi ályktun, eftir að hafa skoðað þann hluta þrýstivatnspípunnar, sem gerður er úr tré:

„Með því að pípan lekur öll meira og minna, lítur hreppsnefnd svo á, að hún sé langt frá því að vera í samningsshæfu

og forsvaranlegu ásigkomulagi, og telur ólíklegt, að hún verði löguð, svo að öruggt sé, nema skipt verði um rör. Í tilfelli af þessu ákveður hreppsnefndin, að engar aukagreiðslur skuli fara fram, fyrr en bætt hefur verið úr ofangreindum ágalla“.

Hinn 26. júní kom hreppsnefndin aftur saman á fund. Var þá eftirfarandi bókað:

„Rætt var um málið aftur og fram, og kom að lokum tilboð frá Höskuldi Baldvinssyni, er hann tók fram, að ekki væri bindandi frá hans hendi, ef ekki semdist og málið þyrfti að fara í dóm eða gerð. Tilboð hans var þannig, að hann afhenti stöðina fyrir kr. 375 þús., og er það 87 þús. kr. herra en samningar hljóða upp á“.

Oddviti hreppsnefndarinnar, Þórður Jónsson, og hreppsnefndarmaðurinn Páll Sigurðsson athuguðu nú ásamt Höskuldi, hverri fjárhæð kostnaðarauki við virkjunina mundi hafa numið frá 8. nóvember 1942 samkvæmt reikningum Höskulds. Á fundi hreppsnefndarinnar var eftirfarandi bókað:

„Þeir Þórður Jónsson og Páll Sigurðsson skýrðu frá þeim niðurstöðum, er þeir höfðu fengið af athugunum á reikningum um virkjun Garðsár, miðað við að samningum hefði verið sagt upp 12. desember í fyrsta lagi og 8. nóv. í öðru lagi. Niðurstöður þeirra athugana höfðu orðið þann veg, að miðað við 12. des. varð útkoman 40—45 þús. kr., en miðað við 8. nóv. 55 þús. kr.“.

Síðar var á fundinum samþykkt svofelld tillaga:

„Þar sem upplýsingar oddvita og Páls Sigurðssonar, er reiknað hafa út hækkun frá 12. desember, hafa ekki sannfært hreppsnefndina, að hækkunin sé 40—45 þús. krónur, heldur nefndin sig við samþykkt þá, er hún gerði 25. þ. m.“.

Höskuldur bauð nú, að málið skyldi lagt í gerð, en hreppsnefndin hafnaði því. Virðast samningatilraunir aðilja þar með hafa fallið niður og ekki verið teknar upp eftir þetta.

Hinn 8. júní 1943 framkvæmdi Ólafur Tryggvason verkfræðingur f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir beiðni rafveitunefndar Ólafsfjarðarhrepps skoðun á rafstöðinni við Garðsá, háspennulínunni og spennistöðinni í kaupúninu. Taldi hann allan frágang yfirleitt góðan, en gerði nokkrar

smávægilegar athugasemdir, sem hér skipta ekki máli. Sama dag skoðaði Sigurður Thoroddsen verkfræðingur eftir beiðni rafveitunefndar og með úttekt verksins fyrir augum stífluna, þrýstivatnspípuna, stöðvarhúsið og frárennslisskurð. Verður athugasemda hans, sem mál þetta varða, getið síðar.

Skal þá vikið að kröfum aðilja.

I. Aðalsök.

Aðaláfrýjendur greina kröfu sína í aðalsök í þrjá höfuðkröfuliði sem hér segir:

1. Krafa um viðbótargreiðslu vegna verðhækkunar á vinnu og efni og fyrir að setja rafstöðina tvisvar í gang kr. 55000.00
2. Krafa um greiðslu fyrir framlög til rafraforkuversins, sem aðaláfrýjendur telja sig hafa innt af höndum umfram skyldu samkvæmt verksamningnum — 33070.00
3. Ferðakostnaður aðaláfrýjenda — 6500.00

Samtals kr. 94570.00

Að frádreginni þegar greiddri fjárhæð .. — 10319.06

Eftirstöðvar kr. 84250.94

Um 1. kröfulið.

Það er *aðalkrafa* aðaláfrýjenda, að þessi kröfuliður verði tekinn til greina að fullu. Sú krafa er reist á því, að hinn 26. júní 1943 hafi þeir Þórður Jónsson hreppsnefndaroddviti og Páll Sigurðsson hreppsnefndarmaður haft umboð hreppsnefndarinnar til að meta viðbótarkröfur aðaláfrýjenda. Hafi þeir metið verðhækkunina frá 8. nóv. 1942 á kr. 55000.00 en verðhækkunina frá 12. des. s. á. á kr. 40—45 þúsund. Telja aðaláfrýjendur, að gagnáfrýjandi hafi orðið bundinn við mat þetta, og beri að miða verðhækkunina við 8. nóv., er þeir hafi krafizt endurskoðunar á samningunum.

Gagnáfrýjandi hefur andmælt þessari málsástæðu aðaláfrýjanda og rökum þeim, sem hún er reist á. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að hreppsnefndin hafi, er hún fól

nefndum hreppsnefndarmönnum að athuga reikningana, veitt þeim jafnframt umboð til að semja við aðaláfrýjendur eða skuldbundið sig til að hlíta niðurstöðum þeirra. Ekki sést heldur, að þeir Þórður Jónsson og Páll Sigurðsson hafi gefið aðaláfrýjendum nokkurt loforð um greiðslu. Á fundi hreppsnefndarinnar 27. júní, er nefndir hreppsnefndarmenn skýrðu frá athugunum sínum og niðurstöðum þeirra, samþykkti hreppsnefndin að leggja niðurstöðurnar ekki til grundvallar, heldur halda sér við fyrri samþykkt sína. Verður aðalkrafa aðaláfrýjenda um þenna kröfulið því ekki tekin til greina.

Það er 1. varakrafa aðaláfrýjanda, að því er þenna kröfulið varðar, að hann verði tekinn til greina með kr. 45000.00. Er það einnig reist á því, að gagnáfrýjandi hafi orðið bundinn við niðurstöðu oftnefndra hreppsnefndarmanna, en að miða beri uppsögn samninga aðilja til endurskoðunar við 12. des. 1943. Varakröfu þessari ber að hafna af sömu ástæðu og áður segir um aðalkröfuna.

2. varakrafa aðaláfrýjanda, að því er til þessa kröfuliðs tekur, er sú, að þeim verði dæmdar samkvæmt honum kr. 22194.92. Til grundvallar þessari varakröfu leggja aðaláfrýjendur það, að samkvæmt viðbótarsamningnum frá 15. júlí 1941 hafi 3. og 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 haldið gildi sínu áfram í skiptum aðilja. Telja þeir sig því eiga rétt til viðbótargreiðslu vegna hækkaðra vinnulauna frá 15. júlí 1941 og þar til verkinu var lokið. Einnig eigi þeir kröfu til að fá bættan aukinn kostnað vegna verðhækkunar, sem orðið hafi, eftir að þeir kröfðust endurskoðunar á samningunum, þ. e. frá 8. nóv. 1942 eða til vara frá 12. des. s. á. Þeir kveða þó fjárhæð þá, sem hér er gerð krafa til, aðeins vera lítinn hluta verðhækkunarkostnaðarins, svo sem áður er lýst.

Andmæli gagnáfrýjanda gegn þessum kröfulið eru fyrst og fremst á því reist, að með samningnum frá 15. júlí 1941 hafi verið samið um fast verð fyrir það verk, sem þá var eftir, kr. 288000.00, en að ákvæði 3. og 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 hafi þá fallið niður. Rökstyður hann þessa skoðun sína einkum með tilvísun til skeytaskipta þeirra, sem fram fóru 14. og 15. júlí 1941 milli rafveitunefndarinnar og annarra fyrirsvarsmanna Ólafsfjarðarhrepps í sambandi við

samningsgerðina við aðaláfrýjendur. Í skeytum þessum sé rætt um fast verð eða fastaverð, og hafi símskeyti oddvitans verið sýnt aðaláfrýjendum, áður en samningurinn var undirritaður. Hafi þeim því verið ljóst, að umboð rafveitunefndarmannanna hafi verið bundið við það, að þeir semdu um fast verð, er aðaláfrýjendur ættu ekki rétt til að fá hækkað samkvæmt ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939.

Af hálfu aðaláfrýjenda er því ekki andmælt, að skeytið frá 15. júlí hafi legið frammi við samningsgerðina, en hins vegar fullyrða þeir, að þeir hafi aldrei gengið að neinum skilmálum um það, að verðið yrði fastákveðið þannig, að ekki væri heimilt að fá það hækkað samkvæmt ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939. Þegar á það er litið, að í samningnum frá 1941 er ákveðið, að hinn upphaflegi samningur skuli standa óbreyttur, að því leyti sem ákvæðum hans er ekki sérstaklega breytt með viðbótarsamningnum, og orðalag síðarnefnds samnings um greiðslu fyrir verkið gefur ekki ástæðu til að ætla, að um fast verð hafi verið samið og niður felld oftnefnd ákvæði 3. og 16. gr. eldra samningsins, þá þykir verða að leggja til grundvallar, að nefndar greinar hafi gilt áfram í skiptum aðilja. Gagnáfrýjandi hefur ekki heldur tilkynnt aðaláfrýjendum, að hann teldi rafveitunefndina hafa við samningsgerðina farið út fyrir umboð sitt, og framkoma hans gagnvart aðaláfrýjendum við samningaumleitanir síðar verður ekki heldur skilin á annan veg en þann, að hann telji sig hafa verið bundinn af ákvæðum 3. og 16. gr. samningsins frá 1939.

Þá hefur gagnáfrýjandi haldið því fram, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að ljúka verkinu ekki síðar en í marzlok 1942. Telur hann þetta styðja staðhæfingu sína um, að samið hafi verið um fast verð, en auk þess geti aðaláfrýjendur ekki átt kröfu til greiðslu vegna verðhækkunar, sem orðið hafi, eftir að þeir áttu að vera búnir að ljúka verkinu. Símskeyti aðaláfrýjenda frá 4. júlí 1941 til formanns rafveitunefndar gefur að vísu ástæðu til að ætla, að þeir hafi á þeim tíma talið sig geta lokið verkinu fyrri hluta árs 1942. En þegar litið er til þess, að í viðbótarsamningnum frá 15. júlí 1941 skuldbinda aðaláfrýjendur sig aðeins til þess að ljúka

verkinu „svo fljótt sem unnt verður“, án þess að nokkur sérstök tímatakmörk séu sett, að styrjaldarástæður virðast einkum hafa valdið því, hversu langan tíma tók að fullgera verkið, og að gagnáfrýjandi hefur ekki, svo að séð verði, fyrr en í þessu máli borið fyrir sig drátt á verkinu, þá þykir ekki vera unnt að fallast á framangreind rök hans.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að þeir hafi krafizt endurskoðunar samninganna hinn 8. nóv. 1942, og beri að miða við þann dag, er ákveðnar verða viðbótargreiðslur til þeirra vegna verðhækkunar, sbr. 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939. Um þetta skírskota þeir til símskeytis Gísla J. Johnsens til formanns rafveitunefndar 8. nóv. 1942 og fundargerðar hreppsnefndar 8. des. s. á. Gegn andmælum gagnáfrýjanda hafa aðaláfrýjendur þó ekki fært sönnur á, að uppsögn til endurskoðunar hafi farið fram 8. nóv., enda hefði átt að beina slíkri uppsögn að hreppsnefndinni eða oddvita hennar. Hins vegar hefur Höskuldur Baldvinsson í yfirlýsingu sinni til hreppsnefndarinnar, dags. 18. des. 1942, áskilið aðaláfrýjendum rétt til viðbótargreiðslna, eins og samningunum hefði verið sagt upp 12. des. 1942, og hefur hreppsnefndin samþykkt þetta með áritun sinni á yfirlýsinguna. Um framangreint efni ber því að miða við 12. des. 1942.

Eftir að héraðsdómur gekk í máli þessu, voru að tilhlutan aðaláfrýjenda dómkvaddir tveir sérfróðir menn til að rannsaka og reikna út, „hve miklu þær fjárhæðir nemi, sem aðaláfrýjendur hafi orðið að greiða fram yfir það, sem gert var ráð fyrir í samningi frá 15/7 1941“. Er álitserð hinna dómkvöddu manna dags. 18. febr. 1949, og verður hún lögð til grundvallar hér á eftir, er viðbótargreiðslur vegna verðhækkunar verða ákveðnar.

a. *Viðbótargreiðslur samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939.* Samkvæmt matinu nemur aukin greiðsla sökum hækkads kaupgjalds í almennri vinnu í Ólafsfirði frá byrjun til loka verksins kr. 3314.65. Matsmennirnir geta þess, að við verkið hafi unnið nokkrir menn með herra kaupi en ákveðið hafi verið í almennri kaupgjaldsskrá á hverjum tíma. Ef hækkunin sé miðuð við það kaupgjald, nemi hún alls kr. 4156.19. Samkvæmt orðalagi 3. gr. samningsins

þykir bera að miða verðhækkun við breytingar þær, er urðu á almennri kaupgjaldsskrá verkamanna í Ólafsfirði eftir 15. júlí 1941, og er því ekki unnt að dæma aðaláfrýjendum hina hærri fjárhæð. Nokkrir verkamenn unnu að eða aðstoðuðu við iðnaðarmannavinnu, svo sem trésmíði og múrarastörf. Telur gagnáfrýjandi, að hækkun á launum þeirra, kr. 1487.58, eigi að dragast frá ofangreindri fjárhæð, kr. 3314.65, þar sem vinna þessara manna falli ekki undir 3. gr. samningsins. Ekki þykir ástæða til að taka þessa mótbáru til greina, enda er hækkun á launum þessara manna í álitsgerðinni miðuð við almenna kaupgjaldsskrá verkamanna. Þá telja aðaláfrýjendur, að hækkun á bílavinnu eftir 15. júlí 1941, alls kr. 1275.88, beri að ákveða samkvæmt 3. gr. samningsins. Á það er þó ekki unnt að fallast, þar sem hækkun á slíkri vinnu er ekki sambærileg við hækkun á almennri vinnu verkamanna. Niðurstaðan um þenna lið verður því sú að taka til greina framangreinda fjárhæð kr. 3314.65.

b. *Viðbótargreiðslur samkvæmt ákvæðum 16. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939.* Vegna hækkunar á launum fyrir vinnu eða verk, sem ekki eru fólgin í a-lið hér að ofan, og unnin voru eftir 12. des. 1942, miðað við laun, sem greidd voru 15. júlí 1941, gera aðaláfrýjendur kröfu til eftirgreindra fjárhæða:

- | | |
|---|------------|
| 1) Hækkun á bílavinnu | kr. 555.75 |
| 2) Hækkun á launum verkstjóra | — 1012.00 |
| 3) Hækkun á launum iðnaðarmanna | — 4032.58 |
| 4) Hlutfallsleg hækkun á vinnu, sem unnin var samkvæmt fyrrgreindum samningum aðaláfrýjenda við Ágúst Jónsson og Þorleif Bjarnason, dags. 25. júní 1943 | — 6299.02 |

Fyrstu 3 liðina þykir bera að taka til greina að fullu. Við 4. liðinn er það að athuga, að þar er talinn með kostnaður af að bæta úr göllum, sem fram höfðu komið á þrýstivatnspípunni, en fyrir það verk eiga aðaláfrýjendur ekki rétt til greiðslu úr höndum gagnáfrýjanda. Þessi kostnaður er að vísu ekki sérgreindur í samningnum frá 25. júní 1943, heldur talinn þar með áskildu endurgjaldi fyrir fleiri störf í kostnaðarlið, að fjárhæð kr. 5500.00. Verður því að draga þann

lið í heild frá endurgjaldi því, sem aðaláfrýjendur greiddu þeim Ágústi og Þorleifi fyrir verkið, kr. 10630.00. Verða þá eftir kr. 5130.00, en af þeirri fjárhæð er hlutfallsleg verðhækkun kr. 3039.88, og ber að dæma aðaláfrýjendum þá fjárhæð. Alls verða því teknar til greina samkvæmt þessum staflið kr. 8640.21.

Í áðurgreindri álitsgerð frá 18. febr. 1949 taka matsmennirnir fram, að þeir treysti sér ekki til að reikna út eða gera neina áætlun um hækkun á efni, flutningum o. fl. á tímabilinu eftir 12. des. 1942 þar til verki var lokið, miðað við verðlag 15. júlí 1941. Aðaláfrýjendur hafa ekki fært sönnur á það, hvaða efni eða tæki þeir hafa keypt eftir 12. des. 1942 né hverri fjárhæð verðhækkun á því efni mundi hafa numið frá 15. júlí 1941. Er því ekki unnt að dæma þeim neinar viðbótargreiðslur vegna þessarar verðhækkunar.

c. Loks er innifalin í 1. kröfulið krafa aðaláfrýjenda um greiðslu kostnaðar af því að setja stöðina tvisvar í gang, kr. 2500.00. Gagnáfrýjandi hefur andmælt þessari kröfu, og er hún ekki studd þeim rökum, að unnt sé að taka hana til greina.

Niðurstaðan um 1. kröfulið verður samkvæmt framan-sögðu sú, að aðaláfrýjendum verða dæmdar kr. 3314.65 + kr. 8640.21, eða samtals kr. 11954.86.

Um 2. kröfulið.

Þær viðbætur, sem aðaláfrýjendur kveða sig hafa lagt fram umfram samningsskyldur og gera kröfu til að fá greiddar samkvæmt þessum lið, eru greindar í héraðsdómi. Er hér að sumu leyti um að tefla breytingu frá verklýsingu, þannig að betra og verðmeira efni eða tæki hafi verið lögð til en þar er gert ráð fyrir, en að sumu leyti er um að ræða tæki eða önnur framlög, sem alls ekki eru greind í verklýsingu.

Samkvæmt 4. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 skyldu aðaláfrýjendur tilkynna gagnáfrýjanda fyrir fram allar breytingar frá verklýsingu. Fyrir þær breytingar, sem gerðar voru í samráði við gagnáfrýjanda, áskildu aðaláfrýjendur sér engar aukagreiðslur, þegar þær voru ákveðnar, sbr. breytingu á verklýsingu í samningnum frá 15. júlí 1941, og í viðbótarsamningnum frá 26. ágúst 1941 er tekið fram, að ekki

sé áskilin aukagreiðsla vegna breytinga á ákvæðum verklýsingar um stærð túrbínu og rafals. Gagnáfrýjandi hefur ákveðið mótmælt því, að honum hafi verið tilkynnt fyrir fram um aðrar breytingar á verkinu, og kveðst aldrei hafa samþykkt að greiða neinn kostnaðarauka þeirra vegna, og hafa aðaláfrýjendur ekki hnekkst þessari staðhæfingu hans. Ekki verður séð, að Höskuldur Baldvinsson hafi á það minnst við fyrirsvarsmenn gagnáfrýjanda, er stöðin tók til starfa í des. 1942, að lagt hefði verið til betra eða dýrara efni eða tæki en skylt var og að krafa um aukagreiðslu yrði gerð af þeim sökum. Þessar ráðstafanir aðaláfrýjenda án sannaðrar vitundar og samþykkis gagnáfrýjanda geta því ekki bakað honum greiðsluskyldu, eins og hér stóð á. Um eftirgreind framlög, sem eru að öllu leyti umfram það, sem í verklýsingu greinir, athugast: Gagnáfrýjandi hefur samþykkt að greiða fyrir flísar á gólf vélarsals kr. 600.00 og fyrir handrið á stíflu kr. 270.00. Þá hafa aðaláfrýjendur lagt til kílóvattmæli og öryggistæki (hitaliða í legum túrbínu og rafals), en tækja þessara er ekki getið í verklýsingu. Gagnáfrýjandi hefur tekið við tækjum þessum og notar þau, enda þótt hann mætti gera ráð fyrir, að hann yrði krafinn um aukagreiðslu þeirra vegna. Þykir því rétt að gera gagnáfrýjanda að greiða fyrir tæki þessi verð það, sem ákveðið er í mati dómkvaddra manna, dags. 23. ágúst 1945, þ. e. fyrir kílóvattmælinn kr. 1100.00 og fyrir öryggistækin og setningu þeirra kr. 2000.00. Verða aðaláfrýjendum þá dæmdar alls samkvæmt þessum kröfulið kr. 3970.00.

Um 3. kröfulið.

Hér krefjast aðaláfrýjendur greiðslu á ferðakostnaði sínum til Ólafsfjarðar í júní og júlí 1943, en ferðirnar kveða þeir hafa verið farnar í því skyni að leita samkomulags við gagnáfrýjanda um viðbótargreiðslur vegna stöðvarinnar. Ekki verður séð, að gagnáfrýjandi hafi með framkomu sinni á nokkurn hátt bakað þeim þenna kostnað né að hann hafi með öðrum hætti orðið ábyrgður fyrir greiðslu hans. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af þessum kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verða aðaláfrýjendum dæmdar í aðalsök úr hendi gagnáfrýjanda kr. 11954.86 + kr. 3970.00,

eða samtals kr. 15924.86. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þegar greiddar kr. 10319.06, og verða þá eftirstöðvar kr. 5605.80, er gagnáfrýjanda ber að inna af höndum með vöxtum, eins og krafizt er.

II. gagnsök.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi haft uppi hina sömu fjárkröfu á hendur aðaláfrýjendum sem í héraði og sundurliðað hana á sama hátt.

1. *kröfuliður*, kr. 10319.06. Þessi fjárhæð hefur þegar verið dregin frá fjárhæð þeirri, sem gagnáfrýjanda var gert að greiða aðaláfrýjendum í aðalsök.

2. *kröfuliður*, kr. 27400.00. Þessarar fjárhæðar er krafizt vegna eftirgreindra galla, sem gagnáfrýjandi telur vera á verki því, er aðaláfrýjendur tókust á hendur að gera:

1. Leki á stíflugarði.
2. Leki og fleiri gallar á þrýstivatnspípu.
3. Útveggir vélarsals ekki einangraðir, svo sem tilskilið er í verklýsingu.
4. Lengra bil er milli stólpa háspennulínunnar en vera á samkvæmt verklýsingu.

Með mati dómkvaddra manna 23. ágúst 1945 er virt, að kostnaður við að bæta úr göllum samkvæmt 1. og 2. lið muni nema kr. 20900.00 og samkvæmt 3. og 4. lið kr. 6500.00.

Að því er tekur til 1., 3. og 4. töluliðs, þá hefur ekki verið leitt í ljós gegn andmælum aðaláfrýjenda, að gagnáfrýjandi hafi beint að þeim nokkrum aðfinnslum eða kröfum út af göllum þeim, sem þar greinir, innan árs frá því, að stöðin tók til starfa. Er aðaláfrýjendum því samkvæmt ákvæðum 7. gr. samningsins frá 26. ágúst 1939 ekki skylt að bæta úr göllum þessum. Sama er að segja um ýmsa þá galla, sem taldir eru vera á þrýstivatnspípunni og matið tekur til. Má þar til telja aðfinnslur út af því, að járnþrýstipípa sé skemmri en tilskilið er í verklýsingu, að hún sé óvafin, að undirstöðu vanti undir efri enda hennar og að stafapykkt trépípu sé áfátt. Hins vegar kvartaði gagnáfrýjandi undan því í tæka tíð við aðaláfrýjendur, að trépípan læki. Kemur það fram í bréfi oddvita hreppsnefndar til Höskulds Baldvinssonar frá 28. ágúst 1943. En um kröfu gagnáfrýjanda til bóta vegna þessa galla er það

að segja, að ekki hefur verið metið sérstaklega né leitt í ljós á annan hátt, hversu mikið kostnaður við að bæta úr honum muni nema. Brestur þannig skilyrði til að dæma gagnáfrýjanda bætur vegna gallans. Verður krafa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið því ekki tekin til greina.

3. *kröfuliður*, kr. 11186.97. Þessi krafa er reist á því, að aðaláfrýjendum hafi borið að skila verkinu fullgerðu ekki síðar en í marzlok 1942. Hafi dráttur sá, sem á verkinu varð eftir þann tíma og fram til 18. des. 1942, er stöðin tók til starfa, bakað gagnáfrýjanda tjón, er nemi þeirri fjárhæð, sem hér greinir. Gagnáfrýjandi hefur ekki fært rök að því, eins og áður hefur verið rakið, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að skila stöðinni fullgerðri á neinum sérstaklega tilteknum tíma. Verða gagnáfrýjanda því ekki dæmdar bætur samkvæmt þessum kröfulið.

4. *kröfuliður*, kr. 8712.00. Hér krefst gagnáfrýjandi bóta vegna þess, að straumtafla með stilli kom ekki fyrir en vorið 1943, svo að hafa varð sérstaka vörzlu í stöðinni frá 18. des. 1942 til 19. júní 1943. Áður hefur þess verið getið, að styrjaldarástæður ollu því, að ekki tókst að ná fyrir í tæki þau, sem hér var getið, enda höfðu aðaláfrýjendur ekki skuldbundið sig til að skila stöðinni á neinum ákveðnum tíma, svo sem fyrir segir. Var því dráttur á útvegum tækja þessara ekki á ábyrgð aðaláfrýjenda. Ber því einnig að sýkna þá af þessum kröfulið.

Eins og hér hefur verið rakið, verða kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök ekki teknar til greina að neinu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum kr. 2000.00 upp í málskostnað í héraði, en að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjendum, Gísli J. Johnsen og Höskuldi Baldvinssyni, kr. 5605.80 með 6% ársvöxtum frá 28. okt. 1943 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði, kr. 2000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóv. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl s. l. og hefur verið skriflega flutt, hafa þeir Gísli J. Johnsen stórkaupmaður og Höskuldur Baldvinsson verkfræðingur, báðir hér í bænum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 8. febrúar 1946 gegn bæjarstjóranum í Ólafsfirði f. h. bæjarins til greiðslu á kr. 84570.00 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1943 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Stefnendur hafa síðar lækkað dómkröfu sína í kr. 84250.94.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og auk þess höfðað gagnsök með stefnu útgefinni 22. febrúar 1946 og krafizt þess, að gagnstefndu verði dæmdir til að greiða kr. 57618.03 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags, og loks hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi aðalstefnenda að mati dómsins.

Gagnstefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Tildrög málsins eru þessi:

Með samningi dagsettum 26. ágúst 1939 tókust aðalstefnendur á hendur að byggja fyrir aðalstefnda raforkuver við Garðsá ásamt raforkuveitu til bæjarins og lágspennukerfi um hann, allt samkvæmt verklýsingu og uppdráttum og með þeim skilyrðum m. a., sem hér verða nefnd:

1. Aðalstefnendur skyldu hefja framkvæmd verksins svo fljótt sem unnt var og hraða því eftir föngum svo og hraða pöntun á vélum og öðru efni og gera að öðru leyti það, sem á þeirra valdi væri, til að fullgera stöðina svo fljótt sem unnt væri.

2. (3. gr. samn.) Heimilisfastir verkamenn í Ólafsfirði skyldu sitja fyrir almennri vinnu við verkið. Ef kaupgjald breyttist á staðnum frá því, sem verið hafði, skyldi sá hluti almennrar vinnu, sem óunninn væri, er kaup breyttist, hækka eða lækka í hlutfalli við breytinguna.

3. (4. gr. samn.) Heimilt skyldi aðalstefnendum að breyta frá verklýsingu og uppdráttum, þó þannig, að verkið yrði jafn vandað, en tilkynna skyldu þeir aðalstefnda slíkar breytingar fyrirfram.

4. (7. gr. samn.) Aðalstefnendur skyldu bera ábyrgð á rafveitunni eitt ár, eftir að hún tæki til starfa, og bæta á sinn kostnað úr göllum, er fram kynnu að koma og stöfuðu af slæmu efni eða vinnu.

5. (8. gr. samn.) Endurgjald til aðalstefnenda fyrir verk þetta skyldi nema kr. 215000.00, og var sú fjárhæð (samkvæmt 12. gr. samn.) miðuð við þáverandi gengi íslenzkrar krónu í hlutfalli við £, og skyldi því hækka eða lækka eftir gengisbreytingum.

6. (16. gr. samn.) Yrðu miklar verðbreytingar á efni til framkvæmdanna af völdum ófriðar eða annarra óviðráðanlegra ástæðna, eða yrði stórbreyting á aðstæðum að öðru leyti, skyldu aðalstefnendur eiga kröfu til endurskoðunar samningsins og niðurfellingar hans, að því leyti sem honum væri þá ekki fullnægt og samkomulagi yrði ekki náð.

7. (17. gr. samn.) Yrði rafveitan ekki byggð árið 1940, skyldi hvor samningsaðilja geta krafist endurskoðunar og ógildingar samningsins, ef samkomulag fengist ekki.

Vinna við virkjun árinna hófst þegar í næsta mánuði, og var þá steypt undirstaða stíflugarðs, og sama haust var lágspennukerfið lagt um bæinn. Virðist kostnaður af hvoru tveggja hafa orðið um kr. 27500.00. Síðan virðist virkjunin hafa legið alveg niðri þar til í júlímánuði 1941, og verður helzt ráðið af gögnum málsins, að stöðvun þessi hafi stafað af því, að gjaldeyris- og innflutningsleyfi fengust ekki til efniskaupa erlendis. Hinn 15. júlí 1941 var gerður framhaldssamningur og breytingar á fyrrgreindum samningi, og segir í upphafi þess skjals, að samkvæmt 16. og 17. gr. fyrri samnings hafi „með tilliti til hækkaðs verðs á efni og vinnu“ orðið samkomulag, enda skuldbindi aðalstefnendur sig til að halda verkinu áfram og hefjast handa um það þegar og ljúka því svo fljótt sem unnt yrði. Í samkomulagi þessu segir m. a., að aðalstefndi hafi staðið full skil á greiðslum fyrir efni og vinnu, er lagt hafði verið í verkið til þess tíma. Þá var og samið svo, að fyrir það, sem ógert var, skyldi greiddar kr. 288000.00 og nokkrar breytingar gerðar á greiðsluskilmálum, en að öðru leyti skyldi hinn upphaflegi samningur standa óbreyttur. Í samkomulaginu er og getið tveggja breytinga á verklýsingu, og verður þeirra síðar getið. Enn var gert samkomulag hinn 26. ágúst 1941 um breytingar á greiðsluskilmálum o. fl. og um breytingu frá verklýsingu, og verður hennar getið síðar. Vinna við verkið hófst nú aftur þann 18. júlí 1941, og var unnið til 18. desember s. á. Í maí 1942 var lögð þrýstivatnspípa úr tré, en járnþípa hafði áður verið lögð. Lögn tréþípu lauk þó ekki að fullu fyrr en í september. Í júlí 1942 kom vatnstúrbínan, og var hún sett niður í september og tengd við þrýstivatnspípuna. Hinn 3. desember kom rafallinn, og var þá samtímis lögð háspennulínan og spennubreytistöðin tengd við hana og innanbæjarkerfið og jafnframt gengið frá vélum í aflstöðvarhúsi, og var rekstur rafveitunnar hafinn 18. desember 1942. Aðalstefnendur voru þessa daga staddir í Ólafsfirði og reyndu að ná samningum um endurskoðun verksamningsins, en nokkru áður höfðu þeir tjáð rafveitunefnd Ólafsfjarðar, að þeir óskuðu endurskoðunar og viðbótar-greiðslu vegna stórauðsins kostnaðar við verkið og ætti hann rót sína að rekja til breyttra aðstæðna hér og erlendis. Lauk viðræðum aðilja svo hinn 18. des., að aðalstefnendur áskildu sér fullan og óskertan rétt samkvæmt áðurgreindum samningum, eins og sá réttur hefði verið, ef þeir hefðu sagt upp samningunum „t. d. 12. þ. m.“ (þ. e. des. 1942) og virðist aðalstefndi hafa tjáð sig samþykkan endurskoðun samninga á þessum grundvelli. Um leið veittu aðalstefnendur aðalstefnda heimild til að reka rafveituna fyrst um sinn á nafni Höskulds, en áskildu sér jafnframt rétt til afturköllunar þeirrar heimildar, ef ekki tækist samkomulag um greiðslu fyrir verkið. Er stöðin tók til starfa, mun allt efni og vélar hafa verið komið á staðinn, að undantekinni öryggistöflu og straumstilli, en þeir hlutir komu ekki fyrr en 19. júní 1943. Eftir það skoðaði Sigurður verkfræðingur Thoroddsen orkuverið nema vélasamstæðu og raftæki, og segir

í skoðunargerð hans, að hún hafi fram farið samkvæmt beiðni rafveitunefndar og með úttekt verksins fyrir augum. Samkvæmt skoðunargerð þessari á dskj. nr. 16 var ýmislegt, sem lagfæra þurfti, til þess að samningum mætti telja fullnægt, og sömdu aðalstefnendur við mann þann, er verkstjórnina hafði haft á hendi, um að bæta úr þessum göllum, að nokkru einn en að nokkru í félagi við annan mann þar á staðnum og fyrir ákvæðisverð, tæpar kr. 11000.00. Um sama leyti óskaði rafveitan í samráði við aðalstefnanda Höskuld þess, að rafmagnseftirlit ríkisins léti skoða stöðina og veitti henni viðurkenningu, og fór sú skoðun fram 5. júlí 1943, og verður eigi annað séð af gögnum málsins en að rafveitan hafi fullnægt þeim kröfum, sem til slíkra stofnana eru gerðar, og einnig ákvæðum samninga aðilja og verklýsingu. Dagana 25.—27. júní 1943 fóru fram lokaviðræður aðilja um samkomulagsumleitanir út af endurskoðun samninganna og greiðslum umfram samningsupphæðina frá 15. júlí 1941, en þar eð mismunur á sáttaboðum aðilja var, að því er bezt verður séð, nærri 60 þúsund krónur, fóru þessar tilraunir út um þúfur. Höfðuðu aðalstefnendur því næst mál á hendur fyrirsvarsmönnum rafveitunnar á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 28. október 1943, en hinn 24. janúar f. á. komu aðiljar sér saman um að hefja það mál, en höfða í staðinn mál það, er hér liggur fyrir.

Kröfur aðalstefnenda í aðalsök eru í stórum dráttum þrenns konar:

1. Viðbót vegna verðhækkunar á efni og vinnu	kr. 55000.00
2. Fyrir framlög til orkuversins umfram skyldu samkvæmt samningum	— 33070.00
3. Ferðakostnaður	— 6500.00

Samtals kr. 94570.00

Frá þessari fjárhæð, töldu þeir í stefnu, að draga bæri kr. 10000.00, sem aðalstefndi hefði þegar greitt, en undir rekstri málsins hefur í ljós komið, að fjárhæð sú, er til frádráttar skyldi koma, nam kr. 10319.06, og stafar af því lækkun dómkröfunnar.

Í gagnsökinni eru kröfur gagnstefnanda í fjórum liðum:

1. Endurgreiðsla á síðastnefndri fjárhæð	kr. 10319.06
2. Bætur vegna galla á verkinu	— 27400.00
3. — — afhendingardráttar	— 11186.97
4. — — kostnaðar af aukagæzlu	— 8712.00

Kr. 57618.03

Verða kröfur í aðalsök og gagnsök nú raktar í hvorri sök fyrir sig og þá sundurliðaðar nánar og jafnframt rakin mótmæli aðilja gegn kröfum hvors um sig.

Aðalsök. 1. Viðbót vegna verðhækkunar.

Þótt aðalstefnendur kveðist telja verðhækkunina hafa farið fram úr fjárhæðinni samkvæmt þessum lið, telja þeir sig geta unað við kröfufjárhæðina, enda sé hún samkvæmt mati tveggja fyrirsvarsmanna aðalstefnda og miðuð við þá hækkun, er fram hafi komið eftir 8. nóvember

1942, en þann dag telja aðalstefnendur rétt að miða við, þar eð þá hafi þeir krafist endurskoðunar samninga. Til vara krefjast þeir 40—45 þúsund króna, ef talið yrði réttara að miða við 12. desember 1942.

Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum kröfulið, fyrst og fremst með þeim rökum, að með samningnum frá 15. júlí 1941 hafi verið ákveðið fast verð fyrir verkið. Styður hann þessa staðhæfingu með því að vísa til ýmissa skjala málsins (nr. 38—46 incl. og nr. 62), sem hann telur sanna og sýna, að aðalstefnendur hafi við samningsgerðina 15. júlí 1941 skuldbundið sig til að ljúka verkinu í árslok 1941 eða í síðasta lagi í marzlok 1942. Með hliðsjón af þessari skuldbindingu telur aðalstefndi eðlilegt, að aðalstefnendur hafi treyst sér til að ákveða fast verð fyrir verkið, enda hafi svo verið gert. Skýrir hann svo frá, að við samningsgerðina hafi samningsaðiljar haft fyrir sér skeyti hreppsnefndarinnar (Ólafsfjörður hafði þá ekki kaupstaðarréttindi) á dskj. nr. 40, en þar er getið um hvort tveggja: fastaverð kr. 288000.00 og að „verkið verði framkvæmt í haust og vetur.“ Telur aðalstefndi, að samkvæmt þessu hafi fallið niður samningur aðilja frá 1939 að því er varðar ákvæði þau, er veita aðalstefnendum rétt til viðbótargreiðslna (3. gr. samn.) og til endurskoðunar og niðurfellingar (16. gr.).

Gegn eindregnum mótmælum aðalstefnenda þykja gögn þau, er aðalstefndi styðst við, ekki veita nægar sönnur til þess, að unnt sé að byggja á þeim dóm um atriði þessi, einkum þegar þess er gætt, að í samningnum sjálfum segir ekki annað um þetta efni en að aðalstefnendur skuli hefjast handa um framkvæmd verksins „nú þegar og ljúka því svo fljótt sem unnt verður“. Sýknukröfu aðalstefnda er því eigi unnt að taka til greina, og telja verður, að framannefndar heimildir samningsins frá 1939 hafi verið í gildi áfram eftir samninginn frá 1941, enda virðist það beinlínis liggja í orðum hans, og að ekki sé um ákvæðisverð á verkinu að ræða.

Krafa aðalstefnenda samkvæmt þessum lið er ekki sundurliðuð í gögn um málsins, enda er fjárhæðin, eins og fyrr segir, byggð á mati, er aðalstefnendur kveða tvo nafngreinda menn hafa framkvæmt í samráði við aðalstefnanda Höskuld. Aðalstefndi og menn þessir báðir hafa gefið upplýsingar um, að hvorki hafi mennirnir haft umboð aðalstefnda til slíkrar matsgerðar né heldur hafi þeir framkvæmt hana. Hafa aðalstefnendur ekki fært sönnur á staðhæfingu sína að þessu leyti gegn nefndum yfirlýsingum, enda virðist staðhæfing aðalstefnenda ekki hafa stoð í framkomu Höskulds á fundi þeim, sem lýst er í dskj. nr. 15. Er því eigi unnt að telja aðalstefnda eða fyrirsvarsmenn hans hafa viðurkennt, að verðhækkun nemi stefnukröfunni, og verður því að rannsaka hér grundvöll kröfugerðarinnar.

Í þessu efni þykir verða að greina á milli kaupgjaldshækkunar í almenntri vinnu í Ólafsfirði annars vegar a) og annarra hækkana hins vegar b).

a). Samkvæmt 3. gr. samningsins frá 1939 eiga aðalstefnendur tvímælaust kröfu til, að aðalstefndi greiði hækkun á almenntri vinnu. Í kröfugerð aðalstefnenda er ekki gerð sérstök grein fyrir hækkun af þessum

sökum, en aðalstefndi hefur lagt fram yfirlit um hana og telur hana nema kr. 2940.79 um tímabil það, er hófst 15. júlí 1941 og lauk 31. des. 1942. Hefur það á engan hátt verið véfengt af aðalstefnendum, og verður krafa þeirra að þessu leyti því til greina tekin með þeirri fjárhæð.

b). Rétt sinn í þessum efnum byggja aðalstefnendur á 16. gr. samningsins frá 1939, og virðast aðiljar sammála um, að einungis komi til greina verðhækkun á þeim hluta verksins, sem ólokið er, þegar heimild samningsgreinarinnar er beitt. Aðalstefnendur byggja kröfu sína á því, að heimildinni hafi verið beitt 8. nóvember 1942, en því tímamarki hefur aðalstefndi eindregið mótmælt. Af dskj. nr. 15 (niðurlaginu) sést að vísu, að endurskoðunar samninga hefur verið óskað fyrir 8. desember, en eins og fyrr var greint, heimiluðu aðalstefnendur aðalstefnda afnot orkuversins gegn því m. a., að þeir nyttu réttar, eins og þeir hefðu „sagt upp“ samningnum t. d. 12. desember. Verður því að telja þá bundna við það tímamark. Aðalstefndi hélt hins vegar áfram að þiggja framkvæmd verksins eftir þenna fyrirvara og án þess að séð verði, að leitað hafi verið samninga með aðiljum um kostnaðarhlíðina, og þykir hann með því háttarni hafa tekizt á hendur ábyrgð á þeim kostnaðarauka, er á verkinu kynni að verða eftir 12. des. 1942. Í fyrrgreindri „matsgerð“, er aðalstefnendur byggja kröfur sínar á, gætir þessa tímamarks ekki, og í öðrum gögnum málsins er ekki unnt að fá fræðslu um það, hver kostnaðaraukinn hafi verið eftir nefndan dag. Hins vegar þykja fram komnar nægilega miklar líkur fyrir því, að kostnaður hafi aukizt umfram það, sem í a) lið var greint, til þess að beita megi hér ákvæðum 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936 og sýkna aðalstefnda að svo stöddu af kröfu aðalstefnenda um greiðslu verðhækkunar eftir 12. desember 1942.

2. Viðbót vegna framlaga umfram samningsskyldur.

Aðalstefnendur hafa lagt fram skrá (dskj. 17) um atriði þau, sem þeir telja sig hafa framkvæmt á annan hátt en ákveðið var í verklýsingu og fer skrá þessi hér á eftir, og er kostnaðarauka getið við hvern lið hennar:

a. Vélar 250 hestöfl í stað 200	
b. Spenna hækkuð í 6000 volt	kr. 6800.00
c. Vélahraði 600 sn./mín. í stað 1000—1500	— 12000.00
d. Kw. mælir og setning hans ásamt spjaldi	— 1400.00
e. Eirbrynjaður stálvir í háspennulínu	— 3500.00
f. Einangrarar f. 20000 volt á	— 450.00
g. Hitaliðar í legum túrbínu og rafals ásamt setningu þeirra öryggistækja	— 4800.00
h. Flísar lagðar á gólf vélasals, kr. 2600.00 að frádreginni þegar reiknaðri hækkun	— 600.00
i. Handrið á stíflugarði kr. 800.00 að frádreginni þegar reiknaðri hækkun	— 270.00
j. Lagfæring og nýsmíði hurða og dyrabúninga í stöðvarhúsi	— 250.00
k. Stöðvarhús stækkað um 7 m ² (29,5 m ³) eða um 17%, áætlaður kostnaðarauki	— 3000.00

Samtals kr. 33070.00

Að beiðni aðalstefnda voru dómkvaddir matsmenn m. a. til að athuga, hvort frávik þessi frá verklýsingu hafi verið unnin, og meta aukinn kostnað aðalstefnenda af þeim. Er mat þeirra á dskj. nr. 53, og verður af því ráðið, að verk þessi hafi verið unnin eins og aðalstefnendur lýsa, en eigi tóku þeir afstöðu til j. liðs hér að framan. Kostnaðarauka af breytingum mátu þeir sem hér segir, og eru liðirnir einkenndir á sama hátt sem í skrá aðalstefnenda:

b	kr.	3000.00
c	—	9500.00
d	—	1100.00
e	—	2000.00
f	—	1500.00
g	—	2000.00
h	—	600.00
i	—	270.00
k	—	1900.00

Kr. 21870.00

En auk þess meta þeir á kr. 2400.00 kostnaðarauka af járnþúnaði einangrara, sem virðist felast í b-lið skrár aðalstefnenda, og er matsfjárhæðin því samtals kr. 24270.00.

Aðalstefndi hefur mótmælt því, að sér beri nokkur skylda til að bæta aðalstefnendum þenna verðmun og vísar neitun sinni til stuðnings í 4. gr. samningsins frá 1939, en efni hennar var rakið í upphafi dóms þessa (3. skilyrði). Telur aðalstefndi grein þessa ekki veita aðalstefnendum neinn rétt til viðbótargreiðslu af þessum sökum, nema sérstaklega væri um það samið, en engir slíkir samningar hafi verið gerðir, enda breytingarnar framkvæmdar án vilja og vitundar fyrirsvarsmanna aðalstefnda og án þess að þeim væri tilkynnt um þær fyrirfram. Þrátt fyrir yfirlýsingar þær, er fyrirsvarsmenn þeir, sem hér áttu hlut að máli, hafa gefið í máli þessu (dskj. nr. 51 og 72), virðist þessi vörn aðalstefnda stangast við þær upplýsingar, sem eldri málsskjöl þykja gefa um viðhorf fyrirsvarsmannanna til þessara atriða. Dskj. nr. 15 er afrit og útdráttur þriggja fundargerða hreppsnefndar Ólafsþjóðar, og segir þar svo um fund, er haldinn var 8. desember 1942: „Rafveitunefnd (M. G.) skýrði frá gangi málsins (Garðsárvirkjunarinnar) og gat þess, að Gísli Johnsen hefði í símtali fyrir nokkru tíð sér, að hann vildi endurskoða samning þann, er gerður var við hann og Höskuld Baldvinsson um virkjun Garðsár. Kvaðst hann hafa svarað því á þá leið, að að svo komnu gæti ekki farið fram endurskoðun vegna þess, að hann teldi það ekki flýta fyrir málinu. En hann kvað hann og Höskuld komna nú til að fá samninginn endurskoðaðan. Einnig gat hann þess, að vélar stöðvarinnar væru til muna fullkomnari en gert hefði verið ráð fyrir“.

Skammstöfunin M. G. virðist tákna formann rafveitunefndar, Magnús Gamalielsson, sem er einn þeirra, er undirrituðu yfirlýsinguna á dskj. nr. 51, en af greindri fundargerð er ljóst, að honum hefur verið það kunnugt

fyrir 8. des., að vikið væri frá verklýsingu, og öðrum fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi orðið það ljóst þann dag. Af því, sem að framan var rakið um framkvæmdir virkjunarinnar dagana 3.—18. desember og tekið hefur verið að mestu leyti eftir skýrslu verkstjórans, sem jafnframt var einn rafveitunefndarmanna, þykir verða að draga þá ályktun, að veigamestu og dýrustu breytingarnar frá verklýsingu voru framkvæmdar einmitt þessa daga, og þykir ekki verða hjá því komizt að telja með þessu í ljós leitt, að fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi verið þær kunnar, áður eða um leið og framkvæmdar voru. Af gögnum málsins er og ljóst, að þessa sömu daga voru viðræðufundir og bréfaskipti með aðalstefnendum og fyrirsvarsmönnum um væntanlegar aukagreiðslur til aðalstefnenda, og þykir ekki unnt að lita svo á, að fyrirsvarsmönnum rafveitunnar hafi dulizt eða mátt dyljast það, að ætlaðt var til aukagreiðslu fyrir fullkomnari frágang en um var samið. Hvergi er þó að finna nokkurn fyrirvara um greiðsluneitun af hálfu rafveitumanna, heldur virðast þeir hafa tekið við orkuverinu og hafið starfrækslu þess án athugasemda að þessu leyti. Þetta hattið fyrirsvarsmanna rafveitunnar þykir koma í veg fyrir, að unnt sé að taka til greina sýknukröfu aðalstefnda.

Verður þá næst fyrir að athuga, hverja fjárhæð aðalstefnendum beri að fá greidda fyrir viðauka og endurbætur umfram verklýsingu, og verður hver liður á skrá þeirra rakinn sér með hliðsjón af sérstökum andmælum aðalstefnda og matsgerðarinnar á dskj. nr. 53.

Um a. Í samningi aðilja frá 15. júlí 1941 er samið um aukningu í 230 hestöfl og kostnaðarauki af því að sjálfsögðu falinn í samningsverðinu þá. Í viðbótarsamningi frá 26. ágúst 1941 er gengið út frá aukningu í 250 hö., en fram tekið, að aðalstefndi skuli eigi bera kostnaðarauka af því, og er þess vegna engin fjárfrafa gerð í sambandi við þenna lið.

Um b. Aðalstefnendur telja kostnaðarauka fölginn í því, að einangrarar séu kr. 1500.00 dýrari og aukinn kostnaður af járnabúnaði sé kr. 5300.00. Rétt þykir og að taka hér afstöðu til f-liðs skrárinnar, kr. 450 00, sem aðalstefnendur telja þannig til kominn, að þeir hafi neyðzt til að kaupa einangrara fyrir 20000 volt í stað 6000, þar eð hinir siðarnefndu hafi ekki verið fáanlegir. Í matsgerðinni er rætt um kostnaðarauka vegna spennubreytingar, og er hanin í þrem liðum: Samkvæmt b-lið kr. 3000.00, samkvæmt f-lið kr. 1500.00 og loks járnabúnaður kr. 2400.00. Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en kostnaðarauki samkvæmt b-lið skrárinnar hafi verið metinn samtals kr. 3900.00, en fjárhæðin samkvæmt b-lið matsins hefur sætt sérstökum mótmælum á þeim grundvelli, að aðalstefnendur hafi aldrei haft uppi kröfur um hana. Engin frekari skýring hefur fram komið um þenna lið, og þykir því verða að fallast á mótmæli aðalstefnda að þessu leyti og taka til greina kröfu aðalstefnenda með þeim fjárhæðum, sem sýnt er, að metin hefur verið krafa þeirra samkvæmt kröfugerðinni í skránni, þannig að b-lið og f-lið hennar ber að taka til greina með kr. 3900.00 samtals.

Um c. Áætlun aðalstefnenda um þenna lið styðst við það, að hinar hægungu vélar hafi verið 25% dýrari en þær, sem verklýsing gerði ráð fyrir.

Skilríki, er styðji þessa áætlun, eru engin lögð fram í málinu, og þykir því rétt að taka þenna lið til greina með matsfjárhæðinni, kr. 9500.00.

Um d. Gögn um þessa fjárhæð brestur einnig, og verður þessi liður því miðaður við matið og tekinn til greina með kr. 1100.00.

Um e. Í samningnum frá 15. júlí 1941 er svo samið, að heimilt sé að nota vör af þessari tegund í háspennulínuna, en í samningnum er engin afstaða tekin til verðbreytingar, er af því kynni að stafa. Verður að fallast á það með aðalstefnda, að þetta sé umsamin breyting á verklýsingu, er ekki eigi að verða honum til kostnaðarauka, enda styðst sú skoðun við álit rafmagnseftirlitsins, þar sem þessi breyting er ekki talin umfram samninga. Liðurinn verður því ekki tekinn til greina.

Um f. Visast til þess, er sagt var um b.

Um g. Einnig um þessa áætlunarfjárhæð er það að segja, að engin gögn hafa fram komið til stuðnings henni. Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið á þeim grundvelli, að tækin hafi reynzt ónýtt og megi rekja skemmdir á vélunum til þeirra. Gegn mótmælum aðalstefnenda verður ekki talið sannað, að staðhæfing aðalstefnda hafi við rök að styðjast, og telja verður þrátt fyrir mótmæli hans, að umboðsmaður rafmagnseftirlitsins hafi prófað tæki þessi á fullnægjandi hátt hinn 5. júlí 1943 og ekkert haft við þau að athuga. Verður þessi liður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð, er matið greinir, kr. 2000.00.

Um h. og i. Þessir liðir hafi ekki sætt sérstökum andmælum og verða því teknir til greina óbreyttir, enda í samræmi við matsgerðina.

Um j. Gegn mótmælum aðalstefnda verður ekki séð, að krafa þessi hafi við neitt að styðjast, og verður hún því ekki til greina tekin.

Um k. Í frumvörn sinni mótmælti aðalstefndi lið þessum sem óumsömdum og óbeðnum viðauka, sem kæmi auk þess að engum notum. Í framhaldssókn hafa aðalstefnendur gefið þá skýringu, að stækkun hússins hafi verið nauðsynleg vegna aukningar vélanna og hafi það því verið teiknað af nýju í sambandi við samningagerðina 1941. Samkvæmt þessu þykir verða að segja um þenna lið hið sama sem um e. og að nokkru leyti a, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framanrituðu þykja greiðslur aðalstefnda fyrir framlög umfram samningsskyldu eiga að nema samtals kr. 17370.00.

3. Ferðakostnaður. Aðalstefndi hefur eindregið mótmælt þessum lið, og er ekki unnt að taka hann til greina gegn þeim mótmælum, enda sést ekki, að krafan hafi stoð í samningum aðilja, né heldur, að ferðir aðalstefnenda hafi verið farnar að beiðni fyrirsvarsmanna rafveitunnar eða í hennar þágu.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður sýknaður að svo stöddu af kröfunni um viðbótargreiðslu vegna hækkunar eftir 12. des. 1942, en verður dæmdur til að greiða aðalstefnendum kr. 2940.79 + 17370.00, samtals kr. 20310.79, en frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 10319.06, sem fyrr getur að hafa verið greiddar umfram samningsfjárhæðina, kr. 288000.00. Ber aðalstefnda því að greiða alls kr. 9991.73 með vöxtum eins og krafizt var, enda var fyrra málið, sem áður greinir, hafið með

samkomulagi aðilja. Þá þykir og rétt að dæma aðalstefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Gagnsök. 1. Kröfu sína byggir gagnstefnandi á því, að umsamið fast verð á verkinu hafi verið kr. 288.000.00 samkvæmt samningnum frá 15. júlí 1941, en greiðslur til gagnstefndu hafi samtals numið kr. 298319.06 og beri þeim því að endurgreiða mismuninn.

Um þenna kröfulið þykir verða að vísa til þess, sem segir í aðalsök, en þar kemur fram, að krafa gagnstefndu nemur hærri fjárhæð en hér greinir, og hefur fjárhæðin samkvæmt þessum lið þegar verið dregin frá kröfu þeirra í aðalsök. Verður þess vegna að sýkna gagnstefndu af þessari kröfu.

2. Bætur vegna galla á verkinu. Eins og fyrr greinir, var mál höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur í október 1943 út af skiptum aðilja. Samkvæmt beiðni málflutningsmanns gagnstefnanda, dags. 9. ágúst 1944, voru dómkvaddir tveir matsmenn til að skoða og meta galla á verki gagnstefndu. Matsmennirnir skoðuðu verkið 17. september s. á. og töldu því ábótavant í fjórum atriðum:

1) Lítilsháttar leki á stíflugarði, þeim hluta hans, sem hlaðinn var úr torfi og grjóti.

2) Trépípuna (þrýstivatnspípuna) kveða matsmenn leka mjög víða og sums staðar allverulega. Telja þeir, að pípunni stafi hætta af lekanum og að úr honum þurfi að bæta. Orsök lekans telja matsmennirnir þá, að efni í pípunu hafi ekki verið nógu þurrt, er hún var smíðuð, og hafi hún gisnað mjög, áður en hún var sett niður.

3) Einangrun skortir á útveggi vélasals, en samkvæmt verklýsingu hafi átt að einangra þá með timbri, sementshúðuðu að innan.

4) Stólpahöf háspennulínunnar telja matsmenn of löng og lengri en í verklýsingu var ákveðið. Telja þeir nauðsynlegt að fjölga staurum, bæði vegna isingarhættu og veðurs.

Kostnað af lagfæringu galla þessara meta þeir svo:

Samkvæmt 1. og 2. lið	kr. 17900.00
Samkvæmt 3. og 4. lið	— 6000.00

Samtals kr. 23900.00

Matsgerð þessi var lögð fram í bæjarþingsmáli aðilja hinn 19. okt. 1944 og sætti mótmælum og vefengingu af hálfu gagnstefndu í greinargerð, dags. 29. nóv. s. á., á þeim grundvelli, að hvorki hefði þeim gefizt kostur á að vera viðstaddir skoðunina og gæta hagsmuna sinna né heldur hefði verið í matsgerðinni minnzt á þau atriði, er þeir hefðu framkvæmt umfram samningsskyldu sína við orkuverið. Hinn 5. febrúar 1945 óskaði málflutningsmaður gagnstefnanda þess, að matsmenn yrðu dómkvaddir, svo að færi gæfizt á að framkvæma mat af nýju og gæta beggja ofangreindra atriða. Voru sömu matsmenn dómkvaddir og framkvæmdu gerðina hinn 20. ágúst 1945 að gagnstefnda Höskuldi viðstöddum, og er það matsgerðin á dskj. nr. 53, sem áður hefur verið vísað til. Töldu þeir sömu galla fyrir hendi sem áður, en að leki á trépípunni hafi færzt í vöxt og yrði því

dýrara að gera við hana, og hækkaði mat þeirra af þeim völdum um kr. 3000.00. Við þetta mat mátu þeir til fjár flísalögn á vélarsalgólf, en fyrri matið kváðu þeir miðað við, að þeir hefðu lagt að jöfnu flísalögnina og einangrunarskort á veggjum. Bættu þeir því kr. 500.00 við fjárhæðina samkvæmt 3. og 4. lið, og kom þá út matsfjárhæðin kr. 27400.00, sem gagnstefnandi gerir kröfu til.

Gagnstefndu byggja sýknukröfu sína á því, að þeir hafi afhent virkjunina gallalaus í hendur gagnstefnanda, fyrst skilorðsbundið þann 18. des. 1942, og hafi starfræksla þá þegar hafizt. Er öryggistaflan og stillirinn voru komin í júní 1943, hafi síðan farið fram úttekt á virkjuninni með eftirfarandi fullnægju þeirra atriða, sem henni var talið bótavant. Vísu gagnstefndu í 7. gr. samningsins frá 1939, sem talin er 4. skilyrðið í upphafi atvikalýsingar dóms þessa, og telja sannað í málinu, að gallar hafi engir komið í ljós á þeim fresti, sem þar er settur.

Af hálfu gagnstefnanda er þessum varnarástæðum mótmælt, annars vegar á þeim grundvelli, að gallarnir hafi allir verið fyrir hendi, þegar orkuverið var tekið í notkun, og hins vegar, að úttekt eða viðurkenning trúnaðarmanns verkkaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr. samningsins frá 1939 hafi aldrei farið fram og því hafi verið aldrei verið formlega afhent af hálfu gagnstefndu.

Áður hefur því verið lýst hér að framan, að orkuverið tók til starfa 18. des. 1942, án þess þó að verksamningnum væri talið fullnægt, enda hefur einnig verið á það dregið, að framkvæmdir héldu áfram af hálfu gagnstefndu, allt þar til öryggistaflan var sett í júní 1943. Þá virðast gagnstefndu hafa talið, að verkinu væri lokið, og samkvæmt dskj. nr. 16 skoðaði Sig. Thoroddsen verið að beiðni rafveitunefndar og með úttekt fyrir augum. Verður eigi annað séð en að hann hafi verið „trúnaðarmaður verkkaupa“, eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. samningsins frá 1939, enda hefur þessu skjali ekki verið mótmælt að þessu leyti af hálfu gagnstefnanda. Þess er einnig getið hér að framan, að samkvæmt skoðun og álitsgerð rafmagnseftirlitsins var samningum aðilja fullnægt að því er varðar þann hluta verksins, sem háður var skoðun þess.

Í úttekt Sig. Thoroddsen var bent á ýmis atriði, sem bótavant þótti þar á meðal sjö atriði í sambandi við jarðvegsstíflu og fimm atriði í sambandi við þrýstivatnspípuna. Trépípan var, eins og fyrr greinir, lögð um sumarið og haustið 1942, og skýrir úttektarmaðurinn svo frá, að fyrirsvarsmenn rafveitunnar hafi tjáð sér, að pípurar hafi litið illa út þá og það svo, að sérstök skoðunargerð hafi verið látin fram fara, en að hann hafi ekki séð þá gerð. Með verksamningum dags. 25. júní 1943 tókst Ágúst nokkur Jónsson á hendur að bæta úr ágöllum þeim, sem í úttektinni greindi, að nokkru einn, en að því er stíflu og þrýstivatnspípu varðaði í félagi við annan mann þar á staðnum. Ágúst þessi, sem var einn af þrem rafveitunefndarmönnum Ólafsfjarðar, hafði haft á hendi verkstjórn alls verksins frá upphafi, að því er bezt verður séð. Eins og að framan var sagt, var umsamið endurgjald fyrir starf Ágústs og félaga hans tæpar kr. 11000.00. Hinn 20. ágúst 1943 sendi Ágúst gagnstefndu símskeyti og

tjáði þeim, að verkum þessum væri lokið að $\frac{3}{4}$ hlutum, og krafðist hann því greiðslu að því leyti. Gagnstefndu synjuðu greiðslu og kváðu samningnum fullnægt af sinni hálfu, þar eð Ágúst hefði tekið við sem fullnaðargreiðslu ávísun á rafveituna, sem samþykkt hefði verið. Samþykkt ávísunarinnar var ekki talin sönnuð né heldur slík viðtaka af hálfu Ágústs, en gagnstefndu sýknaðir að svo stöddu, þar eð eigi var unnt að sjá þá, hve miklum hluta hvors samningsverks var lokið, er skeytið var sent. Voru því dómkvaddir tveir menn til að skoða verk Ágústs og félaga hans og meta það, hvort fullnægt væri verksamningunum. Skoðun fór fram 12. maí 1944 og sést af þeirri gerð m. a., að framkvæmdar hafa verið lagfæringar á öllum þeim atriðum, sem talið var bótavant í úttektinni. Loks segir í skýrslu verkstjórans, Ágústs, dagsettri 12. júní 1945 (dskj. 37), að lagfæringar þessar hafi verið framkvæmdar sumarið 1943, og hefur skýrsla þessi ekki verið vefengd, svo að séð verði.

Af framanrituðu kemur þá í ljós, að orkuverið tók til starfa 18. desember 1942, og hófst þá þegar reynslutími þrýstivatnspípu og háspennulínu. Úttekt að því er mannvirki þessi varðar fór fram 8. júlí 1943, og samsumars voru lagfærðir gallar þeir, er í ljós voru komnir. Það er og athyglisvert, að ekki er í málflutningnum minnzt á það, að nokkrar kvartanir eða athugasemdir hafi fram komið af hálfu fyrirsvarsmanna rafveitunnar í þessum efnum, og engan vott slíks er að finna í skeyti rafveitunefndar frá 28. maí 1943, sem lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 98. Er og ekki unnt að sjá, að það sé fyrr en í áðurgreindri beiðni málflutningsmanns gagnstefnanda, dags. 9. ágúst 1944, um dómkvaðningu matsmanna, að gefið sé í skyn af hálfu gagnstefnanda, að um galla kunni að vera að ræða á verkum gagnstefndu. Mannvirki þau, er matsmennirnir töldu haldin göllum, hafa því verið í notkun frá því að rafveitan tók til starfa, og það, sem í úttektinni var talið bótavant, var lagfært samsumars. Þetta hvort tveggja svo og athafnaleysi gagnstefnanda svo langan tíma, sem raun varð á, þykir með hliðsjón af 7. gr. samnings aðilja firra gagnstefndu ábyrgð á greiðslu matsfjárhæðanna, og verður krafa gagnstefnanda því ekki til greina tekin.

3. Bætur vegna afhendingardráttar.

Gagnstefnandi rökstyður þenna kröfulið með því, að gagnstefndu hafi skuldbundið sig til að ljúka verkinu í marz 1942 í síðasta lagi. Orkuverið hafi þó ekki tekið til starfa fyrr en í desember, og krefst gagnstefnandi bóta fyrir þann drátt og miðar kröfurnar við 5% ársvexti af hinni útborguðu fjárhæð. Eins og greint var hér að framan (aðalsök 1.), brestur í máli þessu sönnur á þá staðhæfingu gagnstefnanda, að gagnstefndu hafi bundið sig til að ljúka verkinu innan ákveðins tíma, og verður krafa þeirra því ekki til greina tekin á þeim grundvelli. Ekki hafa heldur verið færðar sönnur á þá staðhæfingu gagnstefnanda, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á framkvæmdum gagnstefndu, miðað við það, að þeim bar að hraða verkum eftir föngum og fullgera stöðina svo fljótt sem unnt væri, ekki sízt þegar þess er gætt, að alkunna er, að á þeim tíma var vegna

stýrjaldar mjög erfitt um öflun efnis til slíkra fyrirtækja. Verður því að sýkna gagnstefndu af þessum kröfulið.

4. Bætur vegna aukakostnaðar og gæzlu stöðvarinnar.

Þessi kröfuliður er þannig til kominn að, eins og fyrr var sagt, hófst starfræksla versins áður en straumstillir og öryggistafla voru sett. Varð því ekki komið hjá að hafa vörð í stöðinni, á meðan vélarnar unnu. Hefur gagnstefnandi greitt fyrir þessa vörzlu kr. 8712.00 og telur gagnstefndu eiga að endurgreiða þá fjárhæð, þar eð þau útgjöld hafi stafað af óhæfilegum drætti á afhendingu greindra tækja.

Það er augljóst, að aðiljum var kunn þörfin á þessari aukagæzlu, þegar fyrirsvarsmenn rafveitunnar tóku við orkuverinu til starfrækslu hinn 18. desember 1942. Ekki verður þess þó vart, að fyrirsvarsmennirnir hafi gert nokkurn ágreining eða fyrirvara við gagnstefndu um endurheimtu þess kostnaðar, er af vörzlunni kynni að hljóta, og ekki verður heldur séð, að þá hafi verið fundið að vegna dráttar á afhendingu umræddra tækja. Það var ekki fyrr en í fyrrnefndu skeyti frá 28. maí 1943, að krafist er afhendingar þeirra tafarlaust að viðlagðri bótakröfu, en heldur ekki er það nefnt, að gagnstefndu séu taldir eiga að bera kostnað af þessari sérstöku vörzlu. Með vísan til þessa þykir ekki unnt að taka kröfur gagnstefnanda samkvæmt þessum lið til greina gegn mótmælum gagnstefndu.

Úrslit gagnsakar verða samkvæmt framansögðu þau, að gagnstefndu verða sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa kveðið upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Steingrímur rafmagnsstjóri Jónsson og Valgard Thoroddsen rafveitustjóri.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögn dómsins, stafar af eftirtöldum ástæðum: Málið er mjög viðamikið og óaðgengilegt á ýmsan hátt og skjöl þess á annað hundrað talsins. Afrit skjalanna voru ekki í vörzlum dómsins fyrr en allöngu eftir dómtöku málsins, og tafði það mjög fyrir því, að dómendur fengju gott færi á að kynna sér þau. Auk þess að dómendur voru mjög hlaðnir öðrum störfum, varð Steingrímur Jónsson að fara utan í embættiserindum, eftir að hann tók að kynna sér málavöxtu, og dvaldist hann þar langan tíma, en ekki var þess kostur að kveðja til meðdómsmann í hans stað, þar eð ekki var völ annarra manna sérfróðra um þessi efni.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Ólafsfjarðarbær, vera sýkn að svo stöddu af kröfum aðalstefnenda, Gísla J. Johnsens og Höskulds Baldvinssonar, um viðbótargreiðslu vegna verðhækkunar eftir 12. desember 1942 á framkvæmdum framangreindra verksamninga aðilja. Aðalstefndi greiði aðalstefnendum kr. 9991.73 með 6% ársvöxtum frá 28. október 1943 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Í gagnsök skulu gagnstefndu vera sýknir af öllum kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 78/1949. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Birni Sigurðssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, lögreglustjóri í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði þessum hefur ákærvaldið skotið til Hæstaréttar samkvæmt ósk vitnisins Björns Sigurðssonar, læknis í Keflavík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Stefndi hefur lýst því fyrir dómi, að honum sé ókunnugt, hvaða læknir framdi aðgerð þá, sem í málinu greinir. Eigi er heldur í ljós leitt, hvaða reglur sá læknir kann að hafa sett konunni um aðbúð eftir aðgerðina.

Vitneskja sú, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum veitt í algerum trúnaði í læknisstarfi sínu. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli. Verður stefnda því ekki dæmt skylt að gefa skýrslu þá, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-